

5

HRINGVEGUR (1):

Deiliskipulag efnistökusvæðis vegna
breyttrar legu Hringvegar í Hornafirði
Náma 5 Hornafjarðarfljót

SKIPULAGSLÝSING



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

11. apríl 2017

HRINGVEGUR (1)

Deiliskipulag efnistökusvæðis vegna breyttrar legu Hringvegar um Hornafjörð

Náma 5 Hornafjarðarfljót

Skipulagslýsing



Sveitarfélag: Hornafjörður

Skipulagsráðgjafi: Vegagerðin



EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. DEILISKIPULAG EFNISTÖKUSVÆÐIS	3
2.1. <i>SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STAÐHÆTTIR</i>	3
2.2. <i>VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR</i>	3
2.3. <i>MARKMIÐ</i>	3
2.4. <i>FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR</i>	3
3. KYNNING OG SAMRÁÐ	4
4. HELSTU TÍMASETNINGAR	4



1. INNGANGUR


Ákveðið hefur verið að leggja nýjan Hringveg um Hornafjörð því núverandi Hringvegur (1) um Hornafjörð svarar ekki nútíma kröfum um umferðaröryggi. Fjölmargar tengingar liggja inn á veginn og ein lengsta einbreiða brú landsins liggur yfir Hornafjarðarfliót. Við framkvæmdina styttest Hringvegur og einbreiðum brúm fækkar um þrjár.

Framkvæmdin hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Unnið hefur verið umhverfismat fyrir framkvæmdina og finna má matskýrsluna á heimasíðu Vegagerðarinnar


<http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/matsskyrslur/>

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar er kveðið á um að deiliskipuleggja skuli námur sem eru stærri en 50.000 m² eða ráðgerð efnistaka meiri en 150.000 m³. Náma 5 Hornafjarðarfliót fellur innan þeirra marka. Samskipti við landeigendur varðandi efnistöku eru þegar hafin. Sveitarfélagið Hornafjörður ráðgerir í samráði við Vegagerðina að hefja vinnu við gerð deiliskipulags efnistökusvæðisins. Framkvæmdin er innan sveitarfélagsmarka Hornafjarðar. Um er að ræða deiliskipulag efnistökusvæðis sem skilgreint er á aðalskipulagi.

Tillagan er unnin á grundvelli gildandi Aðalskipulags Hornafjarðar 2014-2030 og umhverfismats framkvæmdarinnar frá árinu 2009.



Mynd 1. Úr Aðalskipulagi Hornafjarðar 2014-2030 (Gláma-Kím, VSÓ ráðgjöf, 2014).



Mynd 2. Efnistökusvæðið í Hornafjarðarfjóti



Mynd 3. Deiliskipulagssvæðið

Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem efnistökusvæði 34 (E34) og nefnist Náma 5 Hornafjarðarfjót. Á vesturbakka fjótsins er landnotkun flokkuð sem opið svæði. Á austurbakka er landnotkun skilgreind sem skógræktar og landbúnaðarsvæði, rofsvæði.

Um námuna segir í aðalskipulagi: *E34 Hornafjarðarfjót – farvegur – mól/sandur – umfang efnistökusvæðis er um 6.800.000 m² – 680 ha. Náman fellur í stærðarflokk 5 sem felur í sér að vinna þurfi deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið.*



2. DEILISKIPULAG EFNISTÖKUSVÆÐIS

2.1. SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STAÐHÆTTIR

Náman er í farvegi Hornarfjarðarfjótta fyrir neðan brú. Þar er fljótið lygnt og breiðir það úr sér á milli Skógeyjar og Mýra. Varnargarðar ganga niður frá Hringveginum sem verja Skógey og Mýrar fyrir ágangi fljótsins. Í farveginum er mikið magn sands sem fljótið hefur borið fram. Varnargarðarnir voru að hluta byggðir upp úr sandinum en þeim var að hluta til ýtt upp úr farveginum. Það má því telja svæðið meðfram gördunum sem eldri efnistökuastað en engin ummerki eru sjáanleg um þessa efnistöku. Væntanlegur efnistökuastaður er undir vatni stóran hluta ársins.

Ráðgert er að nýta efni úr fljótunum til að byggja upp varnargarða fyrir nýja brú og í fyllingar fyrir veginn næst námunni. Við efnistöku verður tekið efni næst varnargörðunum og verður því annað hvort ýtt eða mokað upp í garðana. Það sama er að segja um efnið í fyllingar á veginum. Gert er ráð fyrir að efni verði tekið á 1-2 m dýpi. Líklegt er að lægðir myndist í farvegi fljótsins þar sem mest verður tekið af efni. Svæðið mun þó líklega jafna sig fljótt, enda flytja fljótin mikið magn sets árlega auk þess sem sandurinn er mjög gljúpur og mun fljótt renna til á lægri svæði. Ekki er gert ráð fyrir öðrum frágangi en að allir haugar sem kunna að myndast við efnistöku verði jafnaðir.

2.2. VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Viðfangsefni skipulagsins er að skilgreina heimildir fyrir tímabundna notkun lands til efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum frágangi en að allir haugar sem kunna að myndast við efnistöku verði jafnaðir. Fljótin munu svo sjá um lokafrágang.

2.3. MARKMIÐ

Gerð deiliskipulagsins er þáttur í því að hrinda í framkvæmd vegabótum á Hringvegi um Hornafjörð. Markmiðið með gerð vegarins er fyrst og fremst að auka umferðaröryggi, draga úr slysaþættu, stytta vegalengdir og tryggja góðar samgöngur á svæðinu.

2.4. FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR

Tillagan er unnin á grundvelli gildandi Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornarfjarðar 2012-2030. Tillagan byggir á mati á umhverfisáhrifum Hringveggar um Hornafjörð.

Fyrirhugað efnistökusvæði er á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðunum eða í næsta nágrenni þeirra sem deiliskipulagið gæti haft áhrif á. Landnotkun umhverfis efnistökusvæðið er merkt sem opið svæði og skógræktar og landgræðslusvæði á aðalskipulagi.

Ekki er um sérstæða jarðmyndanir að ræða né gróðurfar og því telst svæðið hafa mjög lágt verndargildi.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Samgönguáætlun

Framkvæmdin er á samþykkttri Samgönguáætlun, framkvæmdaleyfi liggur fyrir og áætlað er að hefja framkvæmdir á þessu ári, 2017. Framvinda síðar ræðst af fjárframlögum.



Umhverfisáhrif

Náman er tekin fyrir í mati á umhverfisáhrifum unnið í apríl 2009 en fjallað er um námuna í skýrslunni.

Almenn lýsing

Náman er í farvegi Hornarfjarðarfljóta fyrir neðan brú. Þar er fljótið lygnt og breiðir það úr sér á milli Skógeyjar og Mýra. Varnargarðar ganga niður frá Hringveginum sem verja Skógey og Mýrar fyrir ágangi fljótsins. Í farveginum er mikið magn sands sem fljótið hefur borið fram. Varnargarðarnir voru að hluta byggðir upp úr sandinum en þeim var að hluta til ýtt upp úr farveginum. Það má því telja svæðið meðfram görðunum sem eldri efnistökuastað en engin ummerki eru sjáanleg um þessa efnistöku. Væntanlegur efnistökuastaður er undir vatni stóran hluta ársins.

Vinnsla og frágangur

Ráðgert er að nýta efni úr fljótunum til að byggja upp varnargarða fyrir nýja brú (Tafla 8.6). Efnið verður einnig notað í fyllingar fyrir veginn næst námunni. Við efnistöku verður tekið efni næst varnargörðunum og verður því annað hvort ýtt eða mokað upp í garðana. Það sama er að segja um efnið í fyllingar á veginum. Svæðið er nærri væntanlegum veglínnum og þarf því ekki að leggja langan námuveg að svæðinu. Gert er ráð fyrir að efni verði tekið á 1-2 m dýpi. Líklegt er að lægðir myndist í farvegi fljótsins þar sem mest verður tekið af efni. Svæðið mun þó líklega jafna sig fljótt, enda flytja fljótin mikið magn sets árlega auk þess sem sandurinn er mjög gljúpur og mun fljótt renna til á lægri svæði. Ekki er gert ráð fyrir öðrum frágangi en að allir haugar sem kunna að myndast við efnistöku verði jafnaðir. Fljótin munu svo sjá um lokafrágang.

Verndargildi

Ekki er um sérstæða jarðmyndanir að ræða né gróðurfar og því telst svæðið hafa mjög lágt verndargildi (5. flokkur).



3. KYNNING OG SAMRÁÐ

Leitað verður umsagnar hjá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, HAUST, Náttúrfræðistofnun Íslands, Fiskistofu, Skógrækt ríkissins og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins:

- Landeigendur þeirra jarða sem framkvæmdin nær til. Samráð er í gangi.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áðurtalda aðila þá verður greint frá því í deiliskipulaginu.

Sveitarfélagið Hornafjörður kynnir skipulagslýsingu og deiliskipulag tillögu

Deiliskipulagið verður unnið af Vegagerðinni í samráði við Sveitarfélagið Hornafjörð en framkvæmdin og efnistaka hennar vegna er háð framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og það framkvæmdarleyfi liggur fyrir.

4. HELSTU TÍMASETNINGAR

	maí	júní	júlí	ágúst
Gerð skipulagslýsingar	Yellow			
Umfjöllun og kynning	Orange			
Samráð um skipulagslýsingu	Orange			
Tillaga deiliskipulags	Green			
Kynning og auglýsing tillögu		Blue		
Samþykkt sveitarstjórnar			Blue	Blue
Afgreiðsla Skipulagsstofnunar			Brown	Brown

5. HEIMILDIR

1. VSÓ ráðgjöf, 2009: *Hringvegur um Hornafjörð - Matsskýrsla*, Vegagerðin Reykjavík, 265 bls.
2. Náttúruminjasrá, 2016: Heimasíða Umhverfisstofnunar www.ust.is
3. Gláma – Kím, VSÓ ráðgjöf, 2014: *Aðalskipulag Hornafjarðar 2014-2030*, greinargerðir og uppdættir, apríl 2014. Sveitarfélagið Hornafjörður.